



Akstursíþróttasamband Íslands

Ársþing 8. mars 2025

Þrettánda ársþing Akstursíþróttasambands Íslands, haldið í fundarsal B að Engjavegi 6 í Laugardal

1. Þingsetning

Jón Þór Jónsson formaður AKÍS (JÞJ) bauð viðstadda velkomna og setti þingið.

2. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Ingimundur Helgason, Tryggvi B Þórðarson og Baldur Haraldsson störfuðu sem kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta

JÞJ lagði til að Hafsteinn Pálsson yrði þingforseti, var það samþykkt samhljóða og tók Hafsteinn við stjórn þingsins.

4. Kosning þingritara

JÞJ lagði til að Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir yrði þingritari og var það samþykkt samhljóða.

5. Ávarp gesta

Þingforseti flutti kveðju frá stjórn ÍSÍ og sagði frá því helsta sem er á döfinni hjá ÍSÍ.

6. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

JÞJ flutti skýrslu stjórnar:

Árið 2024 hefur verið líflegt á vettvangi íslensks akstursíþróttafólks. Það voru 63 akstursíþróttakeppnir á keppnisdagatali AKÍS á nýfyrstöðnu tímabili auk sýninga og annara viðburða. Er þetta nokkuð í takt við það sem að hefur verið undanfarin ár en á árið áður voru keppnirnar 62.

Gefin voru út 1240 keppnisskírteini á nýfyrstöðnu tímabili, en að auki voru gefin út 30 alþjóðleg keppnisskírteini fyrir keppendur í 10 keppnisgreinum. Almenn séð þá var keppnishaldið hér heima með ágætum. Við sáum góða þátttöku í mörgum greinum eins og torfæru og rallycrossi. Við þurfum þó sífellt að vera á varðbergi og hlúa að okkar greinum, tryggja nýliðun og bæta í.

Á glæsilegu lokahófi AKÍS í nóvember síðast liðnum er haldið var á Akureyri voru veittar viðurkenningar til Íslandsmeistara í öllum keppnisgreinum en hátt í 40 verðlaunagripir voru veittir ásamt viðurkenningum til þeirra er lentu í öðru og þriðja sæti. Þar var einnig krýnt akstursíþróttafólk ársins 2024, þau Karítas Birgisdóttir og Hrafnkell Rúnarsson. Aðsókn á lokahóf var framar björtustu vonum og þurfti hátíðargestir að sitja nokkuð þröngt en stemningin var góð þannig að það kom ekki að sök. Hugmyndir hafa verið viðraðar um að stækka þennan viðburð enn frekar og gera sjálfboðaliðum auðveldara um vik að sækja lokahófið enda værum við ekkert án þeirra.

Það hefur líklega ekki farið framhjá ykkur sem að starfið að akstursíþróttum að á árinu 2024 var Helga Katrín Stefánsdóttir ráðin á skrifstofu sambandsins. Til að byrja með var Helga ráðin í 50% starf en í lok ársins var ákveðið að auka við það starfshlutfall og er ánægjulegt að segja frá því að nú er starfsmaður í 100% starfi hjá sambandinu.

Það er von stjórnar að með þessu getum við aukið þjónustuna við aðildarfélög okkar og tryggt að daglegur rekstur AKÍS verði í föstum skorðum. Einnig standa vonir til þess að hægt verði að sinna fjölmörgum verkefnum sem að hafa því miður þurft að sitja á hakanum og má nefna skipulag afreksstarfs og hæfileikamótun afreksíþróttafólks innan íslenskra akstursíþróttar. Afreksstarf innan AKÍS hefur ekki verið nægjanlega markvisst en nú er unnið að bótum á því og er í gangi vinna við að skipuleggja með hvaða hætti slíkt starf á að fara fram. AKÍS þarf að sinna betur sínu afreksfólki og á sama tíma eigum við að gera kröfur til okkar fólks að það stundi sínar íþróttir af metnaði og með skýr markmið um árangur.

Formaður og starfsmaður AKÍS hafa undanfarið fundað sérstaklega með keppnisráðum meðal annars til þess að heyra hvernig greinarnar eru staddar hver um sig og ekki síst til þess að finna út úr því hvernig megi með markvissum hætti auka veg og vanda hvernig greinar. Hugmyndin er að funda reglulega með keppnisráðum og þannig tryggja að upplýsingaflæði í báðar áttir sé eins og best verður á kosið.

Ekki er hægt að fara yfir liðið ár án þess að minnst á sjálfbærliðana okkar. Án þeirra fjölmörgu sem að leggja okkur lið við keppnishaldið væru engar akstursíþróttir. Mörg aðildarfélög eru svo lánsöm að hafa hóp fólks sem að leggur á sig mikla vinnu við íþrótt okkar en í dag er mikil samkeppni um frítíma fólks og margvíslega afþreyingu sem í boði er. Við þurfum því sífellt að hugsa leiðir hvernig við getum gert félagsstarfið áhugavert. Íþróttahreyfingin öll reiðir sig á framlag þess óeigingjarna hóps og fyrir það er ég óendanlega þakklátur.

Það hefur verið stefna stjórnar að efla fræðslu embættismanna, starfsmanna og keppenda og gera hana rafræna. Til þess að svo megi vera þurfum við að kosta einhverju til og er nú lagt til í fjárhagsáætlun að leggja í ákveðinn kostnað við að hefja þessa vinnu. Er það von stjórnar þetta auki gæði keppnishaldið og að upplifun keppenda verði betri.

Íslenskir keppendur hafa á síðastliðnu ári margir hverjir náð frábærum árangri erlendis en það er helsti mælikvarði á gæði keppenda. Að öðrum keppendum ólöstuðum þá má ég til með að nefna frábæran árangur Auðuns Guðmundssonar sem að tryggði liði sínu sigur í lokaumferð Le Mans Cup kappaksturins er fram fór í Portúgal seint á síðasta ári. Auk Auðuns hefur Ísland meðal annars átt keppendur í rallakstri í Bretlandi, drifti í Póllandi, gokarti á víð og dreif um Evrópu og hafa allir staðið sig með mikilli þrýði og verið landi og þjóð til sóma.

Ísland sendi einnig tvo keppendur á FIA Motorsport Games og kepptu þeir báðir í hermiakstri. Leikarnir sem fram fara annað hvert ár eru ávallt að stækka í umfangi og keppnisgreinum að fjölga. Vonandi getum við byggt á þessari reynslu sem að þátttaka nú gaf okkur og ættum að stefna að því að fjölga keppendum og þá í fleiri greinum leikanna.

Á síðasta ársþingi var ákveðið að setja í fjárhagsáætlun heimildir til styrkveitinga til aðildarfélaga. Ríflega fjórum milljónum var ráðstafað í hin ýmsu verkefni hvort tveggja til uppbyggingar og tækjakaupa og einnig til barna og unglingastarfs.

Ég vil persónulega þakka fráfarandi stjórn samstarfið á síðastliðnu ári en það hefur verið ánægjulegt. Á þessu ársþingi hafa níu einstaklingar boðið fram krafta sína til starfa fyrir sambandið, en einungis losnar um þrjú sæti. Einhverjir hverfa mögulega á braut og nýir koma inn en ég vona að allir þeir sem að eru í framboði vilji starfa með stjórn að þeim fjölmörgu verkefnum sem að fyrirhuguð eru. Hefð hefur verið fyrir því að varastjórnendur eru ávallt boðaðir á fundi og hafa þeir haft fullt frelsi til þess að tjá skoðanir sínar enda öll sjónarmið vel þegin. Það er von mín að svo megi vera áfram og mig hlakkar til að vinna með ykkur að kjöri loknu. Sérstaklega langar mig að þakka TMÞ fyrir sérstaklega ánægjulegt samstarf í gegnum árin er Tryggvi hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram til frekari stjórnarsetu.

7. Reikningar AKÍS skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir

Reikningar ársins 2024, ásamt öðrum skjölum þingsins, voru aðgengilegir fyrir þingfulltrúa á lokuðu vefsvæði. Baldvin Hansson, gjaldkeri sambandsins, fór yfir helstu tölur og skýrði, en rekstrarhagnaður var upp á kr. 555.378 og eigið fé í árslok 2024 kr. 19.183.834.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur	1	27.501.384	25.861.743
		<u>27.501.384</u>	<u>25.861.743</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launastengd gjöld	2	6.860.088	7.258.003
Rekstrarkostnaður	3	20.890.130	15.681.359
		<u>27.750.218</u>	<u>22.939.362</u>
(Tap) hagnaður án fjármagnaliða	(	248.834)	2.922.381
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		804.212	609.298
		<u>804.212</u>	<u>609.298</u>
Tekjur umfram gjöld		<u>555.378</u>	<u>3.531.677</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Viðskiptakröfur	4	2.144.865	2.123.853
Aðrar skammtímaskröfur		0	0
Handbært fé		18.009.586	17.094.688
		<u>20.154.451</u>	<u>19.218.541</u>
Veltufjármunir			
Eignir samtals		<u>20.154.451</u>	<u>19.218.541</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	5	19.183.834	18.628.456
		<u>19.183.834</u>	<u>18.628.456</u>
Skuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		970.617	590.085
		<u>970.617</u>	<u>590.085</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir samtals		<u>970.617</u>	<u>590.085</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.154.451</u>	<u>19.218.541</u>

8. Álit kjörbréfanefndar

Ingimundur helgason fór yfir niðurstöður kjörbréfanefndar en á þingið voru mættir fulltrúar með kjörbréf frá 9 félögum, samtals 26 atkvæðabærir fulltrúar. Skipting fulltrúa eftir félögum kemur fram í Viðauka 1 og skrá yfir nöfn þingfulltrúa í Viðauka 2.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ekki komu spurningar né urðu umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

10. Samþykkt reikninga

Reikningar ársins 2024 voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram, rædd og samþykkt

Baldvin Hansson fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2025 sem fráfarandi stjórn leggur fram, en hún gerir ráð fyrir tapi upp á 7.375.000 kr

FJÁRHAGSÁÆTLUN OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR			
Rekstrartekjur	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
Keppnisgjöld	3.300.000	2.506.467	2.300.000
Bóknun keppnishaldara			
Umsagnargjöld	465.000	464.500	450.000
Kætur og sektir		90.000	0
Keppnistæki	300.000	360.000	0
Lottótekjur	5.500.000	5.726.058	5.000.000
Útbreiðslustyrkir	3.700.000	4.015.058	3.700.000
Ríkisstyrkir	2.500.000	2.523.934	2.750.000
Afrekssjóður	2.200.000	225.000	1.000.000
Aðrar tekjur innlendir styrkir			
Erlendir styrkir	2.600.000	371.267	
Vaxatekjur	500.000	804.212	600.000
Samtals tekjur	21.065.000	17.086.496	15.800.000
Rekstrargjöld			
	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
Laun og launategd gjöld auk verktakalauna	14.000.000	7.605.588	8.400.000
Heimildavinna		0	0
Almennir styrkir til aðildarféлага	0	1.826.170	3.000.000
Barna- og ungliðastarf	1.300.000	222.000	2.000.000
Námskeiðahald	700.000	81.203	300.000
Aðkeypt þjónusta	500.000	336.900	600.000
Kostnaður vegna keppnishalds	2.600.000		
Afreksstarf	2.200.000	1.262.570	1.000.000
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	800.000	655.134	350.000
Húsaleiga	440.000	430.608	440.000
Ferðakostnaður dómnefnda	400.000	357.690	500.000
Ferðakostnaður innanlands	500.000	629.478	500.000
Ferðakostnaður erlendis	700.000	662.130	700.000
Rekstrarvörur	100.000	48.263	200.000
Lokahóf og viðurkenningar	2.500.000	976.405	1.200.000
Fundir (aðal og formannafundir)	250.000	197.100	300.000
Bankaþóknanir	200.000	161.517	200.000
FIA árgjald	1.100.000	1.078.362	1.050.000
Annar rekstrarkostnaður	150.000		150.000
Samtals gjöld	28.440.000	16.531.118	20.890.000
Rekstrarmiðurstaða	-7.375.000	555.378	-5.090.000

12. Afreksstefna lögð fram, rædd og samþykkt

JÞJ fór yfir Afreksstefnu AKÍS en Afreksstefnuna má finna í heild sinni inni á vef sambandsins. Afreksstefna AKÍS var lögð fram án breytinga og endurstaðfest samhljóða.

13. Lagabreytingatillögur

Stjórn lagði fram tillögu að breytingu á lögum.

5. grein

Reikningsár AKÍS er almanaksárið.

Sambandið skal fjármagnað með umsagnargjöldum, gjöldum af keppnisskírteinum, útgáfustarfsemi, framlagi ríkisins og tekjum af annarri þeirri starfsemi sem stjórn ákveður og fellur að markmiðum sambandsins.

Stjórn AKÍS ákveður gjaldskrá, meðal annars fyrir keppnisskírteini, umsagnargjöld og aðra þjónustu er sambandið veitir.

Ekkert félag hefur tilkall til hluta af sjóðum sambandsins, þótt það hverfi úr sambandinu eða því verði slitið. Félög innan sambandsins bera enga ábyrgð á skuldbindingum þess með öðru en gjöldum sínum til sambandsins.

Tillagan var borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

22.grein

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn AKÍS um aðalfundi sína með að minnsta kosti viku fyrirvara og skal einn fulltrúi sambandsins eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi.

Í kjölfar aðalfundar aðildarfélags skal það senda tilkynningu til stjórnar AKÍS með upplýsingum um stjórnarmenn, fundargerð og ársreikning í síðasta lagi tveimur vikum eftir aðalfund þess

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund eða senda tilskilin gögn á tilsettum tíma missir viðkomandi aðildarfélag rétt til þátttöku í starfsemi AKÍS auk þess sem félagið og félagar þess missa keppnisrétt í keppnum á vegum AKÍS þar til skilyrðin hafa verið uppfyllt.

Tillagan var borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

24.grein

Stjórn AKÍS er heimilt að veita gull- og silfurmerki AKÍS þeim sem hún telur þess verðuga en skal gæta hófs í fjölda árlegra veitinga. Stjórn skal setja reglugerð um heiðursveitingar þar sem tilgreindar eru forsendur veitingar þeirra og annað það sem máli skiptir þessu tengt.

Tillagan var borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

Lögin voru svo heild sinni borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.

Breytt lög fara nú til framkvæmdastjórnar ÍSÍ til samþykktar og taka þá gildi.

14. Lagðar fram stefnur

JÞJ fór yfir Framtíðarstefnu AKÍS fyrir árin 2025-2031 ásamt Umhverfisstefnu AKÍS fyrir árin 2025-2030. Ekki komu fram athugasemdir og eru stefnurnar aðgengilegar á vef sambandsins.

Hafsteinn Pálsson gaf Tryggva M Þórðarsyni orðið.

Kjörbréfanefnd lagði til að þingið samþykkti ný framlagt kjörbréf frá Akstursíþróttafélaginu Heklu og voru atkvæðabærir þingfulltrúar þar með orðnir 27 og var það samþykkt án andmæla.

15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir

Baldvin kynnti breytingar sem til stendur að gera á eftirtöldum reglugerðum:

- Reglugerð um keppnisráð AKÍS,
- Reglugerð AKÍS um keppnishald,
- Reglur um kjör á akstursíþróttafólki ársins.

Reglugerðirnar verða aðgengilegar á vef sambandsins á næstu dögum.

Tekið var matarhlé kl 11:30, þing hófst aftur kl 12:10

Stjórn AKÍS veitti Tryggva M Þórðarsyni og Vali Jóhanni Vífilssyni gullmerki AKÍS.

16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál
Kosning um lagabreytingu fór fram undir lið 13.

17. Innsend mál

Fyrirspurn barst frá AÍH um gjald sem tekið er fyrir alþjóðleg keppnisskírteini og gerður JÞJ og TMP grein fyrir kostnaði.

18. Kosningar, sbr. 16. lið og 8.gr laga AKÍS

18.a.1 Formaður

Jón Þór Jónsson var sá eini sem skilaði inn framboði til formanns. Var kjör hans staðfest með lófaklappi.

18.a.2.1 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Í framboði voru Andir Már Sveinsson, Ásta Sigurðardóttir, Halldór Hauksson, Sigurður Ingi Sigurðsson, Linda Karlsdóttir, Fylkir Jónsson, Guðrún Ósk Bergmann, Ari Halldór Hjaltason og Hanna Rún Ragnarsdóttir.

Flest atkvæði fengu Sigurður Ingi Sigurðsson með 26 atkvæði,
Halldór Hauksson með 17 atkvæði,
Linda Karlsdóttir með 17 atkvæði.

18.a.3 Kosning þriggja varamanna til eins árs

Í framboði voru Andir Már Sveinsson, Ásta Sigurðardóttir, Fylkir Jónsson, Guðrún Ósk Bergmann, Ari Halldór Hjaltason og Hanna Rún Ragnarsdóttir.

Ari Halldór Hjaltason með 26 atkvæði,
Andri Már Sveinsson með 19 atkvæði,
Ásta Sigurðardóttir með 18 atkvæði.

18.b Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Tilnefning kom frá stjórn að Ingimundur Helgason og Reynir Stefán Gylfason verði skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

18.c Kosning fulltrúa ÍSí þing

Næsta þing er ekki fyrr en í maí 2025 svo fulltrúi verður kosinn á ársþingi AKÍS 2025 og var stjórn AKÍS falið að skipa fulltrúa á þingið.

18.d Áfrýjunardómstóll

Stjórn lagði til að núverandi áfrýjunardómstóll sitji áfram, en það eru Skúli Bjarnason hrl., Hannes J. Hafstein hdl., Þórhallur B. Jóseppson, Berglind Jónasardóttir og Árni Árnason og var það samþykkt samhljóða.

19. Önnur mál

Tryggvi tók til máls og þakkaði fyrir samstarf liðinna ára.

20. Þingslit

Þingi slitið kl 12:52 og var þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.

Viðauki 1 - Félög og fjöldi þingfulltrúa þeirra

	Samtals keppnisskírteini 2024	Fjöldi atkvæða/fulltrúa á ársþingi 2025
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	358	4
Akstursíþróttafélag Suðurnesja	99	3
Akstursíþróttafélagið START	43	2
Akstursíþróttanefnd Heklu	16	1
Bífreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur	54	3
Bílaklúbbur Akureyrar	316	4
Bílaklúbbur Hafnarfjarðar	3	1
Bílaklúbbur Skagafjarðar	3	1
Kvartmíluklúbburinn	240	4
Stimpill Akstursíþróttafélag	1	1
Torfæruklúbburinn	130	4

Viðauki 2 - Nafnaskrá

Fulltrúar á kjörbréfum:

Jökull Ýmir Guðmundsson	AÍH	Ingimundur Helgason	KK
Guðmundur Örn Þorsteinsson	AÍH	Baldur Gíslason	KK
Linda Dögg Jóhannsdóttir	AÍH	Sigurjón Andersen	KK
Ari Halldór Hjaltason	AÍH	Valur Vífilsson	KK
Kristín Kristinsdóttir	BÍKR	Guðni Sigurðsson	AÍFS
Hlöðver Baldursson	BÍKR	Vigdís Þórólfsdóttir	AÍFS
Heiðar Sigurjónsson	BÍKR	Sigurður Arnar Pálsson	AÍFS
Sigurður Ingi Sigurðsson	TK	Halldór V Hauksson	BA
Páll Jónsson	TK	Jónas Freyr Sigurbjörnsson	BA
Heiða Björg Jónasdóttir	TK	Helgi Heiðar Jóhannsson	BA
Andri Már Sveinsson	TK	Hafdís Sveinbjarnardóttir	BA
Kári Rafn Þorbergsson	Hekla	Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	Start
Baldur Haraldsson	BS	Ásmundur Ingjaldsson	Start
Tryggvi Magnús Ragnarsson	Stimpill		

Auk þess sátu þingið:

Jón Þór Jónsson	AKÍS
Baldvin Hansson	AKÍS
Tryggvi M Þórðarson	AKÍS
Helga Katrín Stefánsdóttir	AKÍS